

Könnun á notkun og meðferð innöndunarlyfja í meðferð lungnasjúklinga

Eva Steingrímisdóttir BS, Aldís Jónsdóttir, BS
Reykjalundur, deild B2 lungnasvið

Inngangur: Allir lungnasjúklingar sem leggjast inn á lungnadeild Reykjalundar og eru á innöndunarlyfjum, fá fræðslu um rétta notkun þeirra.

Rannsóknir hafa sýnt að þverfagleg lungnaendurhæfing skilar sér í betri líðan sjúklinga, en einn liður í því er fræðsla um rétta notkun innöndunarlyfja (1). Sjúklingar þurfa að fylgjast vel með einkennum sjúkdómsins til að geta brugðist rétt við þegar ástand versnar. Peak-flow mæling (PEF), regluleg notkun innöndunarlyfja og rétt notkun innöndunartækja eru lykilatriði til að viðhalda astmastjórnun (2). Nýlegar rannsóknir (3) sýna að einstaklingsmiðuð aðgerðaráætlun: PEF mælingar og ráðlagðir skammtar af innöndunarlyfjum þar sem sjúklingar stjórna nokkuð sínum skammti eftir sjúkdómsástandi fækkar komum til læknis, fækkar veikindadögum og minnkar óbeinan kostnað. Lífsgæði batna við að sjúklingur hafi astmaáætlun þannig að hann fylgist sjálfur með einkennum og leiti fyrr til læknis í versnun (4).

Markmið: Að athuga hvort sjúklingar sem leggjast inn á lungnadeild Reykjalundar og eru á innöndunar-lyfjum noti þau rétt og hvort fræðsla um rétta notkun þeirra skili árangri.

Settar voru fram fullyrðingar: Sjúklingar sem fá fræðslu um rétta notkun innöndunarlyfja ná betri tækni og nýta betur innöndunarlyfin en þeir sem hafa ekki fengið fræðslu.

Sjúklingar sem fá fræðslu um rétta notkun innöndunarlyfja og ná betri tækni tjá sig um betri líðan en þeir sem ekki hafa fengið fræðslu.

Aðferðir: Upplýsingasöfnun tók eitt ár frá 13.10.03-08.12.04. Þýðið er 91 sjúklingur, 40 karlar og 51 kona. 30-35% eru með COPD, 8-10% með astma og 5-7% með aðra sjúkdóma. Skoðuð var tækni við innöndun: fráblástur, innsogskraftur, hvort sjúklingur héldi í sér andanum og andaði rólega frá sér. Tækni við notkun lyfjanna mæld með innöndunartæki. Fylgst með þrífum á tæki og þau metin.

Niðurstöður: Við komu hafa 20% ágæta tækni, 38% góða tækni, 28% sæmilega, og 1% getur ekki nýtt innöndunarlyf.

Túlkun: Könnunin sýnir að flestir þátttakenda höfðu fengið góða fræðslu og tileinkað sér hana, einhverjir höfðu ekki fengið fræðslu áður og örfáir náðu ekki tókum á tækninni.

Þeir sem voru með sæmilega tækni, innsog eða hreinsun fengu endurtekna fræðslu sem skilaði sér í betri tækni og betri nýtingu lyfjanna. Einnig tjáðu sjúklingar sig um betri líðan.

Fræðsla um rétta notkun skilar árangri og bætir líðan sjúklings.

Heimildir:

(1) Arnardóttir og fleiri (2005). *Respiratory medicine*, 100, 130-139.

(2) Brouwer og Brand (2008). *Paediatric respiratory reviews*, 9, 193-200.

(3) Backer og fleiri (2007). *Allergy Asthma Proc*, 28, 375-381; Tousman og fleiri (2007). *Journal of community health nursing*, 24(4), 237-251.

(4) Donald og fleiri (2008). *Australian Family Physician*, 37(3), 170 ; Choi og Hwang (2009). *Research in nursing and health*, 32, 140-147.

